

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014

Efni: Umsögn um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd notenda, 16. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 1. október sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda, 16. mál.

Markmið umræddrar tillögu er að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp til að móta stefnu um að skapa á Íslandi vistkerfi eins og best verður á kosið fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni ásamt því að verja réttindi netnotenda, og gera svo nauðsynlegar lagabreytingar til að innleiða stefnuna. Þá er í þremur staflaðum í tillögunni nánar tilgreindar einstaka aðferðir til ná fram markmiðum þessum. Þá segir einnig í tillögunni að markmið vinnunnar sem grundvallast af tillögunni verði að skapa, innleiða og uppfæra heildstæða stefnu um kjörlendi á Íslandi fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni ásamt vernd á réttindum notenda.

SVP hafa kynnt sér framkomna tillögu til þingsályktunar og gera samtökin ekki sérstakar athugasemdir hvað varðar markmið hennar almennt. SVP vilja hins vegar koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varða einstaka efnistöð tillögunnar, sem og útfærslu hennar, og samtökin telja mikilvægt að tekið verði tillit til við þinglega meðferð hennar.

SVP vekja athygli á a-lið 2. mgr. tillögunnar þar sem segir að skipa skuli starfshóp til að vinna að markmiðum hennar og í kjölfarið eru tilgreindir þeir aðilar sem ætlað er að eiga fulltrúa í hópnum. SVP gera ekki athugasemdir hvað varðar þá aðila sem þar er þegar kveðið á um en að mati samtakanna er mikilvægt að í starfshópnum, til viðbótar við þá aðila sem fyrir eru, verði einnig tryggt að fulltrúi frá fjarskiptafyrirtækjum eigi þar sæti. Að mati SVP er mikilvægt að rödd fjarskiptafyrirtækja verði tryggð í þessu samstarfi enda er um að ræða þá aðila sem ætlað er að veita þá grunnþjónustu sem markmið tillögunnar byggist að verulegu leyti á. Í ljósi þessa leggja SVP til að við upptalningu á þeim fulltrúum sem ætlað að er að skipa umræddan starfshóp verði bætt tilvísun til hagsmunasamtaka fjarskiptafyrirtækja, hvort sem það er Samtök atvinnulífsins og/eða SVP, en innan þessara samtaka eru helstu þjónustuveitendur á þessu sviði. Með þessu móti verði tryggt að í starfshópnum sitji ekki eingöngu fulltrúar stjórnvalda og notenda þjónustunnar heldur einnig fulltrúi frá þjónustuveitendum.

Þá benda SVP á að í fyrirleggjandi tillögu, sem og meðfylgjandi greinargerð með henni, er víðá talað um réttindi netnotenda og mikilvægi þess að gæta að þeim réttindum. SVP draga ekki úr því mikilvægi þessara réttinda sem og vernd annarra almennra grundvallarréttinda. Hins vegar virðist ekki vera lögð sama áhersla á að gæta réttinda þeirra aðila sem eru

handhafar ýmissa hugsmíða sem unnt er að miðla á internetinu óháð samþykki þeirra, s.s. tónlist, kvikmyndir o.s.frv. SVP telja mikilvægt að við þá vinnu sem boðuð er í fyrirbyggjandi tillögu verði einnig tekið til skoðunar með hvaða hætti unnt verði að tryggja að gætt verði að höfunda- og hugverkaréttindum á internetinu en að ekki verði eingöngu einblínt á réttindi notenda þess. SVP gjalda varhug við því að ekki verði tekið tillit til umræddra réttinda til viðbótar við réttindi notenda netsins og leggja samtökin því til að markmið þeirra vinnu, sem boðuð er í fyrirbyggjandi tillögu, verði breikkað svo unnt verði að taka einnig tillit til höfundar- og hugverkaréttar sem og öðrum sambærilegum réttindum.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu. SVP áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP


Lærus M. K. Ólafsson, hdl.